

Hagstofa Íslands
Borgartúni 21a
150 Reykjavík

Upplýsingaveita sveitarfélaganna **- Gagnamóttaka**

Síðast uppfært:
7.12.2016

Eigandi	Hagstofa Íslands
Version	1.1
Umsjónarmaður	Sigurður Marísson sigurdur.marisson@hagstofa.is

Efnisyfirlit

1	Inngangur (Introduction)	3
2	Namespaces	4
3	Færslulýsing	5
3.1	Rót	5
3.2	Skil	5
3.2.1	Tegund skila	6
3.2.2	Tengiliður	6
3.2.3	Stofnanir	6
3.2.4	Skipting.....	7
3.3	Línur	7
3.4	Einstök lína	7
4	Breytingastjórnun.....	8
5	Xml-skjal eftir forskrift	9

1 Inngangur (Introduction)

Sveitarfélögin munu skila fjárhagsupplýsingum á stöðluðu formi til Hagstofu Íslands. Hagstofan mun sjá um framkvæmd gagnasöfnunar fyrir sjálfan sig, ráðuneyti sveitarstjórnamála, Samband Íslenskra sveitarfélaga og Seðlabanka.

Sveitarfélögin þurfa að skila xml-skjali og fylgir schema sem skilgreinir reglur þess. Þetta skjal er hugsað til leiðbeiningar og útskýringa á schemanu.

Í núverandi áætlunum er gert ráð fyrir að xml-skjölunum verði skilað í gegnum vefþjónustu hjá Hagstofu Íslands. Enn fremur verður hægt að skila xml-skrám með því að auðkenna sig á vefsíðu og senda skjalið þannig.

Sveitarfélög munu þurfa að senda ársfjórðungslega sundurliðaðar upplýsingar úr bókhald sínu. Enn fremur er gert ráð fyrir að þau skili fjárhagsáætlun næsta árs sem og þriggja ára áætlun. Að síðustu geta þau skilað endurskoðuðum ársreikningi. Sveitarfélögin munu geta skilað inn ýmsum skjölum s.s. undirrituðum ársreikningi með því að auðkenna sig á vefsíðu en ekki er fjallað um þann hluta verkefnisins í þessu skjali.

2 Namespaces

Í schemanu eru tvö namespace.

1. <http://hagstofa.is/innsofnun/upplýsingaveita-svf>
2. <http://hagstofa.is/innsofnun/general>

Fyrri er namespace söfnunarinnar og þar er schema fyrir skilaskjal skilgreint. Seinna er almennt namespace sem skilgreinir tengiliðaupplýsingar. Namespace eru aðskyld því tengiliður er notaður í fleiri söfnunum Hagstofu og getur því ekki tilheyrt namespace sem skilgreint er fyrir einstaka söfnun.

Skjöl sem skilgreina schema:

Skjal	Lýsing	Namespace
fjrsvf.xsd	Skilgreinir skil fjárhagsupplýsinga.	http://hagstofa.is/innsofnun/upplýsingaveita-svf
tengilidur.xsd	Skilgreinir tengiliðaupplýsingar	http://hagstofa.is/innsofnun/general

3 Færslulýsing

Skjalinu er skipt í tvennt, annars vegar skilahluta (haus) og hinsvegar í línur sem eru hinar eiginlegu talnaupplýsingar.

Feitletruð element og attribute eru þau sem skylda er að fylgi. Önnur eru valkvæm.

3.1 Rót

Rót skjalsins skal heita fjrhsvf og er skilgreind með eftirfarandi hætti:

Element	Lýsing	Gagnategund
skil	Upplýsingar um skilin sjálf, þ.e. tímabil, gagnaveitanda o.þ.h.	Element
linur	Gagnahluti þar sem hver lína er skilgreind eftir deildum, lykllum og tegundum.	Element

Attribute	Lýsing	Gagnategund
skil	Upplýsingar um skilin sjálf, þ.e. tímabil, gagnaveitanda o.þ.h.	Element
linur	Gagnahluti þar sem hver lína er skilgreind eftir deildum, lykllum og tegundum.	Element

3.2 Skil

Skil eru einskonaar haus fyrir hver skil og geyma upplýsingar sem eru sammerktar einstöku tilviki af skilum.

Element	Lýsing	Gagnategund
tengilidur	Upplýsingar um tengilið sveitarfélags	Element
Stofnanir	Listi yfir stofnanir, þar sem kostnaður skiptist milli deilda.	Element

Attribute	Lýsing	Gagnategund
sveitarfelagsnumer	Númer sveitarfélags eins og það er skilgreint á hverjum tíma.	string(4)
tímabil	Tímabil sem uppgjorið nær yfir. Þ.e. sá ársfjórðungur eða ár sem tölurnar eiga við um. Format: YYYY, YYYYQqq (20111Q01) eða YYYYMmm (2011M09).	string(7)
tegund_ - skila	F = Innan árs skil (default) G = Innan árs skil (default) A = ár óendurskoðað 1A = árs áætlun 1B = Viðauki við fjárhagsáætlun 3A = 3ja ára áætlun E = endurskoðað uppgjör	string
uppgjors-timi	Dagsetning og tími sem uppgjorið er gert, þ.e. á hvaða tíma er uppgjorið gert (og þar með skjalið). Nota skal sniðmátið yyyy-mm-ddThh:mm:ss.mmm	DateTime
tegund_ - breytinga	Skilgreinir hvernig eigi að meðhöndla gögnin með tilliti til breytinga. Þegar g-gögn eru send ítrekað fyrir sama tímabil af sömu tegund getur sendandi skilgreint hvernig skuli standa að uppfærslu/breytingum á eldri gögnum, þ.e. fyrri skilum. F = Fullkomið gagnasett; allar eldri línur fyrir tímabil, tegund skila og sendanda eru merktar ógildar. B = Gagnasett með breytingum; eldri línur fyrir tímabil, tegund skila og sendanda eru merktar ógildar ef þær eru einnig skilgreindar í skilum og nýjum línur er bætt við. Línur úr eldri skilum sem ekki eru skilgreindar eru óhreyfðar og því enn í gildi.	string

	<i>Sjálfgefið (default) gildi er F.</i> Sjá nánar	
sendandi	Ef sendandi gagna er ekki sveitarfélagið skal taka fram hver hann er. Sendandi er þá notandanafn þess sem skilar gögnunum, þ.e. notandinn sem skilgreindur er við kall á vefþjónustu.	string

3.2.1 Tegund skila

Attribute tegund_skila skilgreinir hverju verið er að skila hverju sinni. Hver sending getur aðeins haft eina tegund skila.

F eða G: Ársfjórðungsskil þar sem staða og mögulega áætlun er send fyrir þá ársfjórðunga sem liðnir eru af árinu. Þannig skal í Q02 senda samanlagðar tölur fyrir Q01 og Q02.

A: athuga

1A: Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár. Áætluninni skal skila einu sinni á ári í byrjun árs. Ekki þarf að skila stöðu heldur einungis áætlun

1B: Viðaukar við fjárhagsáætlun sem sveitarfélag gerir t.d. innan ársins. Sendu skal tölur fyrir deildir og lykla og skal gildi aætlun_tímabils vera áætluð fjárhæð fyrir viðkomandi deild og lykil á viðkomandi tímabili.

3A: Þriggja ára fjárhagsáætlun sveitarfélags.

E: Endurskoðaður ársreikningur sveitarfélags, þ.e. sama niðurstaða og endurskoða sveitarfélags skrifar undir sem formlegur ársreikningur sveitarfélags.

3.2.2 Tengiliður

Tengiliður er almennt element og notað í fleiri en einu samhengi. Það skráir upplýsingar um einstakling, fyrirtæki eða stofnanir. Það er afar mikilvægt fyrir Hagstofuna að fá upplýsingar um hvert skuli leita ef um vafaatriði er að ræða og því leggur hún áherslu á að fá þessar upplýsingarþótt þær séu valkvæmar. Sérstök athygli er vakinn á að einungis er nauðsynlegt að senda nafn, en hægt að senda inn ýmis önnur atriði ef þau eru fyrir hendi og eiga við.

Element	Lýsing	Gagnategund
nafn	Nafn tengiliðar	String
email	Tölvupóstfang tengiliðar	String
sími	Símanúmer tengiliðar	String
kennitala	Kennitala tengiliðar	String
heimilisfang	Heimilisfang tengiliðar	String
postnumer	Póstnúmer tengiliðs	Integer
url	URL á heimasíðu tengiliðar	String

3.2.3 Stofnanir

Gert er ráð fyrir að Hagstofan haldi utan um einstakar stofnanir eða rekstrareiningar þar sem kostnaður skiptist milli deilda. Með elementinu er sveitarfélögum gefin kostur á að skila inn upplýsingum um stofnanir (rekstrareiningar) og skiptingu þeirra í skilaskjalinu sjálfu. Mikilvægt er að Hagstofan fái strax greinargóðar upplýsingar um nýjar stofnanir og breytingar á gömlum. Því er æskilegt að sveitarfélög skili stofnanaupplýsingum sem hluta af hefðbundnum skilum, hafi þau tök á því. Elementið getur innihaldið eina eða fleiri stofnun. Gert er ráð fyrir að þessum upplýsingum verði einnig hægt að skila með öðrum hætti.

Stofnun er element sem skilgreinir ýmsar upplýsingar um stofnun (sem deild á við). Það getur verið nauðsynlegt þegar t.d. um nýja skóla er að ræða, enn fremur er mikilvægt að stofnun sá auðgreind ef færslurnar eiga aðeins við um hana.

Mikilvægt er að hafa í huga að einungis er nauðsynlegt að skila nafni og innri lykli, þ.e. því auðkenni sem sveitarfélag notar til að auðkenni viðkomandi stofnun. Ef aðrar upplýsingar eru tiltækar þá skal skila þeim, sérstaklega þegar um nýjar stofnanir er að ræða.

Element	Lýsing	Gagnategund
innri_lykill	Innra númer stofnunar, þ.e. lykill sem auðkennir stofnun í bókhaldi viðkomandi sveitarfélags	String
tengilidur	Tengiliður stofnunar s.s. forstöðumaður	tengilidur
skipting	Skipting fjárhæða á einstakar deildir. Gildið skal vera tala á bilinu 1-100 og tákna hlutfallslega skiptingu fyrir viðkomandi deild.	Element

3.2.4 Skipting

Skípting tekur á skíptingu stofnunar á deildir. Gildið er hlutfallið sem viðkomandi deild hefur.

Attribute	Lýsing	Gagnategund
deild	Auðkenni deildar (COFOG) sem hlutfall (skípting) á við um.	String

3.3 Línur

Línur skilgreina skilagögnin sem verið er að skila hverju sinni.

3.4 Einstök lína

Hvert skjal inniheldur eina eða fleiri línur, þar sem í hverri er skilgreint tegundarlykill og deild eða stofnun. Þá er einnig hægt að merkja tegund færslunnar og gjaldmiðill sé hann annar er íslensk króna. Allar fjárhæðir skulu vera í krónum en ef annar gjaldmiðill er viðskiptamyntin skal skrá hann.

Attribute	Lýsing	Gagnategund
lykill	Auðkenni lykils, þ.e. GFS lykill	String
deild	Deild er skilgreindur með COFOG flokkuninni. Ef lína á við <i>stofnun</i> er óþarfi að tilgreina deild.	String
stofnun	Einkvæmur lykill stofnunar eins og hann er skilgreindur í bókhaldskerfi viðkomandi sveitarfélags. Ef stofnun er ekki tilgreind verður <i>malaflokkur</i> að vera skilgreindur	String
tegund_faerslu	HS = Höfuðstóll AB = Afborgun VB = Verðbætur ST = Stofnkostnaður AF = Afskriftir SV = Söluverð Einungis er gert ráð fyrir að attribute sé notað þegar um lánaupplýsingar er að ræða. Annars er það óþarft.	String(2)
gjaldmiðill	Tegund gjaldmiðils. Þriggja stafa kóði sem auðkennir gjaldmiðil smkv. ISO-4217	String(3)
sjodur	A = A-hluti B = B-hluti	String (1)

Ekkert element er skylda en augljóslega er engin ástæða til að skila línu ef ekkert þeirra er útfyllt.

Element	Lýsing	Gagnategund
stada_timabils	Staða fyrir skilgreint tímabil	Integer
hreyfing_timabils	Fjárhagshreyfingar á skilgreindu tímabili	Integer
aaetlun_timabils	Áætlun sveitarfélags fyrir skilgreint tímabil	Integer
aaetlun_ars	Áætlun sveitarfélags fyrir allt árið	Integer

4 Breytingastjórnun

Gert er ráð fyrir að sveitarfélög geti skilað inn gögnum af sömu tegund fyrir sama tímabil oftast en einu sinni. Að auki er gert ráð fyrir að fyrirtæki og stofnanir geti skilað gögnum um sveitarfélögum að fullu eða að hluta.

Hagstofa vistar og heldur utan um öll gögn sem skilað er og til að vita hvaða útgáfa er réttust og nýjust á hverjum tíma þarf hún að vita hvernig eigi að meðhöndla þau gögn sem send eru. Af þessu sökum eru tvö attribute (eigindi) sem þarf að skilgreina á skilum og styðja við breytingastjórnun á innsendum gögnum; tegund_breytingar og sendandi.

Hagstofan stjórnar breytingum á gögnum eftir sendanda þannig að tryggt er að ef fleiri en einn sendandi skilar inn gögnum um sveitarfélag geti skil hvers og eins getur ekki haft áhrif á aðra sendendur. Dæmi um slíkt er t.d. þegar byggðasamlag sendir inn gögn um tiltekna málaflokka fyrir hönd sveitarfélags eða þegar veitufyrirtæki sendir inn upplýsingar vegna B-hluta. Af þessum sökum er nauðsynlegt að sendandi komi fram. Ef enginn sendandi er skilgreindur er gengið út frá að sveitarfélagið sjálft sé sendandi.

Eigindið (attribute) tegund_breytinga ákvarðar hvaða regla er notuð við að uppfæra gögn. Möguleikarnir eru tveir:

F = Fullkomið gagnasett; allar eldri línur fyrir tímabil, tegund skila og sendanda eru merktar ógildar.

B = Gagnasett með breytingum; eldri línur fyrir tímabil, tegund skila og sendanda eru merktar ógildar ef þær eru einnig skilgreindar í skilum og nýjum línunum er bætt við. Línur úr eldri skilum sem ekki eru skilgreindar eru óhreyfðar og því enn í gildi.

Í báðum tilfellum skilgreina eigindin tímabil, tegund skila og sendandi hvaða gögn borið er saman við. Ef tegund B er valin er borið saman í hverri línu. Lykillinn fyrir línuna er: lykill, deild, stofnun, tegund_faerslu, gjaldmidill og sjodur.

Ef engin tegund er skilgreind er það merkt sem F eða fullkomið gagnasett og öll önnur gögn sendanda fyrir tegund skila og tímabil eru merkt ógild.

5 Xml-skjal eftir forskrift

Í skjalinu eru settir inn allir möguleikar til að sýna sem best hvernig dæmigert skilaskjal gæti litið út.

```
<?xml version="1.0" encoding="utf-8"?>
<fjrsvf
  xmlns="http://hagstofa.is/innsöfnun/upplýsingaveita-svf"
  xmlns:general="http://hagstofa.is/innsöfnun/general"
  xmlns:xsi="http://www.w3.org/2001/XMLSchema-instance"
  xsi:schemaLocation="http://hagstofa.is/innsöfnun/upplýsingaveita-
svf/fjrsvf.xsd"
>
  <skil sveitarfelagsnumber="1000" uppgjorstimi="2011-05-04T12:20:00.000" timabil="2011Q01" tegund_skila="F">
    <tengilidur>
      <general:nafn>Sigurður G Ólafsson</general:nafn>
      <general:email>sigurdur@internet.is</general:email>
      <general:simi>5556677</general:simi>
      <general:kennitala>1122339999</general:kennitala>
      <general:heimilisfang>Dúfnahólar 10</general:heimilisfang>
      <general:postnumber>109</general:postnumber>
    </tengilidur>
    <stofnanir>
      <stofnun innri_lykill="AG469V">
        <tengilidur>
          <general:nafn>Menningar- og íþróttamiðstöðin</general:nafn>
          <general:email>mim@svf.is</general:email>
          <general:simi>5123456</general:simi>
          <general:kennitala>111111119</general:kennitala>
          <general:heimilisfang>Miðstöðvarstræti 1</general:heimilisfang>
          <general:postnumber>999</general:postnumber>
          <general:url>http://menningar-og-ithrottamidstodin.is</general:url>
        </tengilidur>
        <skipting malaflokkur="0651">44.5</skipting>
        <skipting malaflokkur="0655">40</skipting>
        <skipting malaflokkur="0659">15.5</skipting>
      </stofnun>
    </stofnanir>
  </skil>
  <linur>
    <lina malaflokkur="0253" lykill="1920" tegund_faerslu="SV" gjaldmidill="EUR" sjodur="A">
      <stada_timabils>100000</stada_timabils>
      <hreyfing_timabils>90000</hreyfing_timabils>
      <aaetlun_timabils>99000</aaetlun_timabils>
      <aaetlun_ars>250000</aaetlun_ars>
    </lina>
    <lina stofnun="AG469V" lykill="1920" gjaldmidill="EUR">
      <stada_timabils>100000</stada_timabils>
      <hreyfing_timabils>100000</hreyfing_timabils>
      <aaetlun_timabils>99000</aaetlun_timabils>
      <aaetlun_ars>250000</aaetlun_ars>
    </lina>
  </linur>
</fjrsvf>
```